



RÁÐNINGARSAMNINGUR

Sveitarfélagið Skagaströnd kt. 650169-6039, Túnbraut 1-3, 545 Skagaströnd og Ólafur Þór Ólafsson kt. 300572-5379, gera með sér svohljóðandi ráðningarsamning:

1. gr. Starfsheiti

Ólafur Þór Ólafsson er ráðinn sem sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagastrandar.

2. gr. Ráðningartími

Ólafur er ráðinn sveitarstjóri frá 1. ágúst 2026 til og með 30. júní 2030. Komi til uppsagnar á ráðningartímanum tekur uppsögn gildi frá og með næstu mánaðarmótum. Uppsagnarfrestur á ráðningartímanum skal vera sex mánuðir af beggja hálfu. Skal uppsögn vera skrifleg.

Að loknu kjörtímabili skal sveitarstjóri hafa fjögurra mánaða biðlaun, ef ekki kemur til endurráðningar. Hið sama gildir ef sveitarstjóri er sagt upp störfum á kjörtímabilinu. Biðlaun eru greidd einn mánuð í senn á umræddu tímabili og fellur biðlaunaréttur niður við ráðningu í annað starf. Ekki eru greidd biðlaun ef sveitarstjóri segir sjálfur upp störfum.

3. gr. Starfssvið

Um starfssvið vísast til sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykktar um stjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar frá 1. apríl 2014 með breytingum sem á þeim kunna að verða. Sveitarstjóri ber ábyrgð á rekstri og fjármálum sveitarfélagsins í umboði sveitarstjórnar. Hann sér um að láta framkvæma samþykktir sveitarstjórnar. Sveitarstjóri er jafnframt hafnarstjóri Skagastrandarhafnar.

4. gr. Vinnutími

Almennur vinnutími sveitarstjóra er 36 klukkustundir á viku. Að jafnaði er gert ráð fyrir viðveru sveitarstjóra á skrifstofu sveitarfélagsins frá 8:00-16:00 mánudaga-fimmtudaga og frá 8:00-12:00 á föstudögum. Þá er gerð krafa um að sveitarstjóri sinni fundum og/eða öðrum verkefnum utan almenns vinnutíma þegar þörf krefur.

5. gr. Starfsstöð

Starfsstöð sveitarstjóra er á skrifstofu sveitarfélagsins að Túnbraut 1-3 á Skagaströnd.

6. gr. Laun og hlunnindi

Föst laun sveitarstjóra eru 1.750.000 kr. og er ekki greitt aukalega fyrir vinnu utan almenns vinnutíma. Heimilt er að endurskoða laun árlega frá 1. júlí ár hvert, með hliðsjón af frammistöðu og launaþróun. Laun verða fyrst endurskoðuð þann 1. júlí 2027.

Sveitarstjóri er lagður til nauðsynlegur aðbúnaður til að rækja starf sitt með fullnægjandi hætti. Sveitarfélagið lætur sveitarstjóra í té, farsíma og greiðir afnot af honum á meðan ráðningarsamband er í gildi, ásamt interneti á heimili sveitarstjóra. Fyrir afnot einkabílfreiðar í þágu starfa sinna fær sveitarstjóri almennt greitt skv. akstursdagbók og skal gjald miðað við almennt gjald sbr. ákvörðun Ferðakostnaðarnefndar á hverjum tíma. Vegna lengri ferða, er sveitarstjóri heimilt að leigja bílaleigubíl á kostnað sveitarfélagsins og skal leitast við að tryggja hagkvæmni eftir því sem kostur er. Sveitarfélagið skal bera kostnað vegna upphalds og ferða sveitarstjóra vegna starfsins.

Sveitarstjóri hefur afnot af íbúð sveitarfélagsins að Suðurvegi 30, endurgjaldslaust og skal hann hafa lögheimili í íbúðinni á meðan ráðningarsamband er í gildi. Sveitarstjóri ber að yfirgefa og afhenda lykla af íbúðinni síðasta lagi einum mánuði eftir að störfum fyrir sveitarfélagið lýkur. Sveitarstjóri greiðir kostnað vegna hita og rafmagns.



Iðgjöld lífeyrissjóðs skulu greidd í Lífeyrissjóð Starfsmanna ríkisins og viðbótarlífeyrissparnaðar skal greiddur í Allianz.

Um orlof, veikindi og önnur atriði er varða réttindi og skyldur sveitarstjóra að öðru leyti en kemur fram í ráðningarsamningi þessum eða sveitarstjórnarlögum skal taka mið af samningum VISKU stéttarfélags sérfræðinga og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

7. gr. Orlof

Orlof sveitarstjóra eru 30 dagar á hverju orlofstímabili. Sveitarstjóri skal ákveða í samráði við oddvita hvenær hann tekur orlof. Sveitarstjóri skal leitast við að klára orlof innan hvers orlofstímabils en er heimilt að færa daga á milli tímabila ef nauðsynlegt er, í samráði við oddvita.

8. gr. Starfslok

Sveitarstjóri skal eigi síðar en mánuði fyrir starfslok taka saman yfirlit yfir öll verkefni sem hann hefur umsjón með eða krefjast aðkomu hans, s.s. fjárfestingaverkefni, framkvæmdir og samningagerð í þeim tilgangi að búa nýja sveitarstjórn og eftir atvikum nýjan sveitarstjóra undir að taka við rekstri sveitarfélagsins. Við starfslok skal sveitarstjóri jafnframt hafa forgöngu um að tryggja að staðgengill hans skv. samþykktum sveitarfélagsins, sé upplýstur um öll verkefni sem eru í vinnslu.

Við starfslok, á uppsagnar- og biðlaunátíma skal sveitarstjóri vera sveitarstjórn, staðgengli eða eftirmanni sínum innan handar um upplýsingar um þau mál sem hann hefur haft með höndum eftir því sem nauðsyn krefur.

9. gr. Trúnaður

Sveitarstjóri skal gæta fyllsta trúnaðar um hvaðeina sem hann verður áskynja um varðandi sveitarfélagið og þau mál sem hann hefur til umfjöllunar og trúnaður skal ríkja um.

Samningurinn tekur gildi frá og með 1. ágúst 2026.

Staður og dagsetning:

Skagaströnd 15.7.2026

Ragnheiður Erla Stefánsdóttir, oddviti

Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Vottar:

Nafn

kennitala

Nafn

kennitala